

Ungmennaráð Norðurþings

fundað í fjarfundi, miðvikudaginn 21 desember 2022 kl 20.00

fundi slitið klukkan 21:00

Fundargerð ritaði: Kjartan Páll Þórarinnsson

Mætt eru: Bergsteinn, Hrefna Björk, Hjördís Inga, Lilja Mist, Friðrika Bóel

1. Inngangur:

Íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti erindisbréf ungmennaráðs fyrir fulltrúum ráðsins. Samkvæmt erindisbréfinu þarf að skipa formann, varaformann og ritara.

Bókun fundar:

Ungmennaráð kýs eftirfarandi einstaklinga í embætti ráðsins:

Bergdís Björk er formaður

Hrefna Björk er varaformaður

Friðrika Bóel er ritari

2. Inngangur:

Fyrir ungmennaráði liggur erindi frá fótboldastelpum úr 3ja flokki Völsungs. Skorað er á sveitarfélagið að endurnýja gras á vellinum þar sem að þær telja að mikil meiðslahætta sé af því að æfa á grasinu. Skorað er á Norðurþing að endurnýja grasið á vellinum.

Bókun fundar: Ungmennaráð tekur undir með bréfiturum að þörf sé á að endurnýja gervigrasið á Húsavík. Okkur finnst mikilvægt að halda leikmönnum okkar heilbrigðum og finnst þetta vera skref í rétta átt.

Ungmennaráð vill einnig benda á að mikilvægt er að nota skó sem gerðir eru fyrir gervigras.

Ungmennaráð þakkar kærlega fyrir erindið.